

Reykjavík, 15. nóvember 2018

Alþingi
Nefndarsvið
101 Reykjavík

Efni: Umögn Samorku um frumvarp til laga um landgræðslu. Þingskjal 247 — 232. mál.

Samorka tekur undir mikilvægi þess að endurskoða ákvæði laga um landgræðslu.

Mörg af aðildarfélögum Samorku hafa lagt hönd á plóginn í landgræðslu í gegnum árin í tengslum við framkvæmdir sínar í orkunýtingu og því jákvætt að sérstaklega sé nefnt að almenningur og hagsmunaaðilar taki þátt í eflingu vistkerfa landsins.

Þá hefur landgræðsla mikilvæga þýðingu fyrir vatnsbúskap landssvæða og þar með möguleika til vatnsnýtingar í þágu vatnsveitna og þar með íbúa landsins. Jarðvegur og öflugar jarðvegsþekjur skipta sköpum fyrir grunnvatnsstöðu og þar með möguleika til að nýta náttúrulegar uppsprettulindir eða með borun á holum niður í grunnvatnið og/eða grunnvatnsstrauma. Hreint vatn er ein af okkar mikilvægust auðlindum og er mikilvægt að við allar mannlegar athafnir séu vatnsverndarhagsmunir teknar fram fyrir alla aðra hagsmuni. Mikið skorti oft á skilning á þessu.

Hafa þarf í huga í þessu sambandi að þó að vatnsveitur sveitarfélaga þjóni stærstum hluta landsmanna og þá oftast í þéttbýli, þá eru einnig fjölmargar vatnsveitur í eigu jarðeigenda, sumarhúsafélaga, ferðaþjónustuaðila o.s.frv. í dreifbýli. Vatnstöku svæði geta því verið víða um land og aðstæður margvíslegar.

Í ljósi þess að landgræðslu fylgir jafnan áburðargjöf, hvort sem er tilbúinn eða lífrænn, er mikilvægt að huga vel að aðstæðum á hverjum stað og taka þá sérstaklega mið af vatnsverndar-
svæðum og vatnstökustöðum. Sömuleiðis að meta hvort afrennsli af uppgræðslulandi geti átt greiða leið inn á vatnasvið vatnsverndar- eða vatnstökusvæða. Sérstaklega þarf í þessu sambandi að hafa í huga landgræðsluverkefni annarra aðila en opinberra, þ.e. almennings og hagsmunaaðila.

Í ljósi mikilvægi vatnsverndarhagsmuna er spurning hvort ekki er rétt að tiltaka þennan mikilvæga málaflokk sérstaklega í lagafrumvarpinu og leggja þar með áherslu á að tekið sé tillit til þeirra við framkvæmd landgræðsluverkefna.

Áréttað er að Samorka er mjög hlynnt öflugri landgræðslu og ljóst að hún styður vatnsverndarhagsmuni og þar með möguleika okkar til heilnæms vatns í þágu allra landsmanna.

Um leið og SAMORKA þakkar þetta tækifæri til þess að koma að umsögn um málið, viljum við árétta að fá að gera það áfram í ferli málsins fyrir Alþingi.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllt,

f.h. Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja



Páll Erland framkvæmdastjóri